

SVEITAPÓSTURINN

MS fréttir til bænda 7. tbl. 2. árg. 11. júlí 2006

Leiðari mánaðarins


Verðbólgan

Mikið góðari og þensla hefur einkennt efnahagsmálin síðastliðin misseri sem hefur skilað sér í auknum kaupmætti og hærri ráðstöfunartekjum. Mjólkuriðnaðurinn hefur án efa notið góðs af þessu ástandi, eins og margar aðrar atvinnugreinar, og hefur sala mjólkurafurða gengið mjög vel undanfarin þrjú ár.

Þrátt fyrir gott gengi og mikil umsvif á flestum sviðum þjóðlífsins má greina ákveðna traustabresti í efnahagslífinu sem birtast í aukinni verðbólgu, lækkandi gengi krónunnar og hækkandi stýrivöxtum Seðlabankans. Fyrir nokkru tilkynnti Seðlabankinn hækkun stýrivaxta um 0,75% þannig að alls eru þeir í dag 13%.

Meðfylgjandi mynd sýnir spá Glitnis um verðbólguþróunina. Samkvæmt þessari spá má gera ráð fyrir að verðbólgan hækki enn frekar eftir því sem líður á árið og nái hámarki í um 9% áður en hún byrjar að hjaðna á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Verðbólguþróun Seðlabankans er 2,5% og ætti það að nást samkvæmt þessu í lok næsta árs.

Verðbólgan yfir öllum kostnaðarliðum upp og samhliða hefur gengi krónunnar lækkað mikið sem hefur hækkað öll innflutt aðföng verulega í verði. Nýlega náðu ASÍ og SA samkomulagi um ákveðna krónutöluhækkun launa sem ætti að tryggja launamönnum að lágmarki 5,5% launahækkun á næstu 12 mánuðum. Ég veit að bændur finna verulega fyrir auknum útgjöldum vegna kostnaðarhækkana á sama hátt og við upplifum í rekstri þessa félags hérna.



Í samanburði við þann stöðugleika sem hefur ríkt undanfarin ár er núverandi ástand óviðunandi og vonandi að stjórnvöld bregðist hratt og vel við að ná tökum á efnahagsástandinu með þeim tækjum sem þau hafa til þeirra hluta.

Matvælaferð og tollar

ASÍ sendi nýlega frá sér yfirlýsingu þar sem bændur, neytendur og stjórnvöld eru hvött til að taka höndum saman og lækka aðflutningstolla á kjöti, mjólkurvörum, ostum, smjöri, eggjum og útiræktuðu grænmeti. Í staðinn benti ASÍ á að koma mætti þeim reiknaða stuðningi sem er í þessum tollum í beinar greiðslur til bóva. Fljótlega í kjölfarið fylgdu neytendasamtökin sem tóku í sama streng og ASÍ en BSRB sá sig einnig knúð til að senda út tilkynningu sem var mun málefnalegri þar sem kallað var eftir þjóðarsátt um matvælaferð.

MS hefur opinberlega hvatt til yfirvegaðrar og málefnalegrar umræðu um matvælaferð á Íslandi. Allir hlutaðeigandi þurfa að gera sér grein fyrir að með núverandi alþjóðsamningum hefur Ísland nú þegar fallist á að hlíta alþjóðlegum samningum sem munu hafa mikil áhrif á landbúnaðinn og aðrar greinar. Viðræður vegna svokallaðrar Doha lotu í viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa gengið brösuglega en einsýnt er að niðurstaða þeirra mun þó hafa mikil áhrif á landbúnað alls staðar í heiminum. Það er eðlilegt að við leitum allra leiða til að lækka matvælaferð í landinu en við þurfum einnig að fylgja þeim samningum sem við gerum á alþjóðlegum vettvangi. Í mínum huga skýtur það skökku við að galopna innflutning fyrir landbúnaðarvörur á sama tíma og Evrópusambandið notar útflutningsbætur mjög mikið sem stuðningstæki við landbúnað og ætlar sér ekki að afnema þær fyrir en árið 2012.

Með bestu kveðjum,

Ágæt sala á mjólkurvörum í júnímánuði

Júnímánuður var ágætur í sölu á mjólkurvörum og magnið í samræmi við áætlanir félagsins. Heildarsala á mjólkurvörum í júní 2006 var 2,15% meiri í magni og 2,7% meiri í verðmætum heldur en í júní 2005. Í lítrum var salan 3.912 þús. lítrar í samanburði við 3.835 þús. lítra árið áður. Aukning í lítrum er því um 81.000. Salan í verðmætum var 549 milljónir en var 535 milljónir árið áður. Söluaukning í verðmætum er því 14 milljónir. Þeir vöruflokkar sem sýna söluaukningu í mánuðinum eru drykkjarmjólk, stoðvörur, lífrænar vörur og markfæði. Tilbúnir réttir og bragðbættar mjólkurdrykkjarvörur minnka í sölu milli ára. Sala hefur áfram verið góð í nýja ab-drykknum sem virðist falla neytendum afar vel í geð, enda holl og góð mjólkurvara þar á ferðinni.

Grilleikur MS



Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson
Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is
Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi. Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Nýjar og breyttar reglur

Mjólkureglugerðin

Eins og kynnt var með bréfi til mjólkurframleiðenda þá tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur nú um mánaðamótin.

Breytingareglugerðin var enn óbirt þegar bréfið fór í póst. Hún hefur nú verið birt í Stjórnartíðindum (www.stjornartidindi.is) og er nr. 528/2006.

Nýjar reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar

Eins og kynnt var með bréfi til mjólkurframleiðenda þá tóku gildi nýjar reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa nú um mánaðamótin. Reglurnar voru enn óbirtar þegar bréfið fór í póst. Þær hafa nú verið birtar í Stjórnartíðindum (www.stjornartidindi.is) og eru nr. 503/2006.

Merkiland ehf.




Byggingarframkvæmdum á vegum Merkilands ehf. miðar vel. Gert er ráð fyrir að Landbúnaðarstofnun flytji starfsemi sína í húsnæðið um miðjan september.



Við hlið nýbyggingarinnar gegnt MS Selfossi er starfsemi Remfló ehf. til húsa.

Frumutala á svæði MS

Faldmeðaltal frumutölu 2006



Myndin sýnir faldmeðaltal frumutölu á starfssvæði MS fyrstu 23 vikur ársins 2006. Til samanburðar er faldmeðaltal landsins árið 2005 (227.000 frumur/ml) og faldmeðaltal landsins fyrir fyrstu fjóra mánuði þessa árs.

Osta & smjörsalan:

Sala er áfram góð hjá Osta- og smjörsölunni. Fyrstu sex mánuði ársins hefur sala á osti aukist um heil 104 tonn sem samsvarar um 1.000.000 mjólkurlitrum. Það sem skyggir á þessar góðu fréttir er að sala á FETA osti hefur dregist saman um 20% sem er afleiðing samkeppninnar frá Mjólk og Bónus sem hafa markaðssett "Bónusfetann" gríðarlega. Á móti kemur að bara aukningin í 11% Gouda osti stríkar út samdráttinn í Fetaosti. Í júní kom á markað nýr desertostur, Blár Höfðingi sem fær mjög góðar viðtökur, osturinn þykir einstaklega bragðgóður og mjúkur. Í júlí eru svo væntanlegar á markað svokallaðar FETA sneiðar, en þær eru aðallega notaðar sem forréttur og/eða meðlæti með mat, nýjung sem margir eru spenntir fyrir.

Mikil aukning er í sölu á ostasneiðum en ekkert lát er á vinsældum þeirra.

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2005-2006

MS sept-júní:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	61.281.839	60.459.566	822.273	1,36%
Greiðslumark	70.939.676	67.825.798	3.113.878	4,59%
Nýting greiðslumarks	86,39%	89,14%		

Landið sept-júní:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	93.438.765	93.501.554	-62.789	-0,07%
Greiðslumark	111.000.000	106.000.000	5.000.000	4,72%
Nýting greiðslumarks	84,18%	88,21%		

MS jan-júní	2006	2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	39.882.663	38.094.983	1.787.680	4,69%

MS síðustu 5 vikur:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
22	1.598.605	1.509.668	88.937	5,89%
23	1.577.429	1.483.674	93.755	6,32%
24	1.551.652	1.465.701	85.951	5,86%
25	1.523.483	1.450.370	73.113	5,04%
26	1.502.092	1.419.534	82.558	5,82%
Samtals:	7.753.261	7.328.947	424.314	5,79%